



Stundin, 21.05.2021, síðu 54, 55
grein stærð: 1352.72 sm²
grein hæð: 33.85 sm

Með blóm á heilanum:

Græna skrímslið hans Eggerts

Stór og kraftmikil mynd af mosabreiðu er til sýnis á Kjarvalsstöðum.

Liturinn er stórfenglegur og hefur svipuð áhrif og að sjá regnvotan djámosa sem breiðir sig yfir hraunið í náttúrunni. Skærímónulitaður líkt og fótósjöppaður sé. Myndin sagnar þig inn í sig og þú tynir þér í öllum smáatriðunum. Hundruðum blóma sem vaxa í djámosa. „Ég kalla það Græna skrímslið.“

Hillbilly situr með Eggerti Péturssyni á vinnustofunni í kjallaranum á heimili hans. Þar eru alls kyns gæsemar á að líta, málverk í vinnslu, bækur og finasta plötusafn og spilar í stíl. Stór og kraftmikil mynd á veggnum af mosabreiðu og augnablik skynjar augað ekkert annað en hana. „Þetta er bara djámosi“, segir Eggert. Liturinn er stórfenglegur að mati Hillbillyar, og hefur svipuð áhrif og að sjá regnvotan djámosa sem breiðir sig yfir hraunið í náttúrunni. Skærímónulitaður líkt og fótósjöppaður sé. Myndin sagnar mann inn í sig og maður tynir sér í öllum smáatriðunum. Hundruðum blóma sem vaxa í djámosa. „Verkið er alveg satt og rétt“, segir Eggert. Hillbilly veitir því fyrir sér hvort það sé mikilvægst fyrir Eggert að mála myndirnar vistfræðilega rétt. „Ekkert endilega“, svarar Eggert. „Það er enginn djámosi í þessari mynd í raun og veru. Þetta er bara málverk, erfitt verk. Ég kalla það Græna skrímslið.“

Græna skrímslið er nú til sýnis á viðamikilli samsýningu á Kjarvalsstöðum sem ber heitið Eilíf endurkoma, en verkið var í vinnslu þegar víðalíð var tekið. Hillbilly hvetur lesendur til að ljá verkið augum, sér í lagi til þess að finna hughrifin af limónugræna skrímslinu. Sýningin er opin til 19. september 2021.

Uppskrift að málverki

Eggert var að vinna í verkinu frá árinu 2019 en segir að hugmyndin sé mun eldri. „Gömul hugmynd sem ég er búinn að vera að fást við oft og lengi“, segir Eggert og bætir við: „En nú þegar ég er búinn setja ég aldrei að gera svona aftur.“ Það er þá ekki von á fleiri djámosamálverkum frá Eggerti. Málverkið er lagskipt svo það er vel þykkt og Hillbilly þykist vita að oliumálning getur verið tímafrekt efni að vinna með því hún þonar hægt, getur verið blaut í margar vikur. Eggert segist vinna svo hægt að það skipti ekki máli, en aðspurður segist hann þrátt fyrir það ekki vera mjög þolinmóður maður. „Nei, ég er bara mjög þrjúskur.“ Yfirleitt er Eggert með nokkrar myndir í einu í vinnslu, þar sem hann hefur skissað upp hvað þær munu verða eða hvað hann ætli að setja í þær. En verður myndin á endanum eins og hann sér hana fyrir sér? „Ég sé hana ekki endilega fyrir mér í huganum, ég held bara áfram þar til ég veit að hún er búin“, svarar Eggert og Hillbilly spyr hvernig hann finni þá tilfinningu. „Þegar myndin hættir að breytast. Ég fer eina umferð yfir og það gerist ekki neitt. Ég finn þetta bara, málalar þekkja þetta.“ svarar hann og Hillbilly veitir fyrir sér hvort hann hafi einhvern

tímam gert of mikið? „Örugglega, alltof mikið. En þá gengur verkið út á það, að fara of langt“, segir Eggert.

„Ég vinn frá vinstri til hægri, og svo aftur vinstri til hægri, svo ég þurrki ekki út með hendingu.“ Þýsir Eggert vinnuáferðum sínum fyrir Hillbilly. Eins og áður hefur komið fram, og margir vita, þá málur Eggert brot úr náttúrunni, en langar hann ekki stundum að mála eitthvað annað? „Nei, ég get ekki sagt það. Það verða blóm áfram“, segir Eggert sem er alltaf með fimm ára plan fram í tímam, alltaf að keppast við að komast fram fyrir sjálfan sig. „Ég á tvö ár eftir af síðasta fimm ára plani.“ En langar hann alveg enn þá til að gera myndirnar sem hann planaði fyrir einhverjum árum? „Já, Flugmyndirnar þróað ekki svo mikið. Ég veit ekki alveg hvernig myndirnar koma til með að líta út, en ég veit hvernig þær verða á bragðið og hvernig þær munu lykta.“

Skissubækur Eggerts eru uppskriftabækur, uppfullar af efni og hugmyndum sem eiga að fara í myndir. Ég er að þæla í að fara kannski að koka aðeins meira eftir hendingu“, segir Eggert. „Leyfa þeim að vaxa af sjálfu sér“, segir Hillbilly, sátt með orðaleikinn hjá sér, því Eggert málur jú blóm og jurtir. „Já, ég þarf að brjóta mínar eigin reglur“, svarar hann. Eggert er að eigin sögn mjög skipulagður, það verður maður að vera þegar maður er að gera verk sem taka nokkur ár í vinnslu. „Ég plana myndina, stærð og innihald, jafnvel hvar hún verður sýnd, það er best. Þá fer ég í stóru bókina og skrifa uppskriftina að verkinu“, lýsir Eggert en hann gerir ekki margar myndir, stundum fimm á ári, stundum tíu.

En hvað vinnur hann lengi á dag? „Ég er alltaf að. Ég er með vinnustofuna hérna heima og lítir alltaf tilbúin. Ég mála frá morgni til miðnætis. Eða kannski til tíu á kvöldin“, lýsir hann og telur daglegan göngutúr nauðsynlegan. „En ég geti ekki verið með vinnustofu annars staðar. Ég reyndi það eitt sumar og það tók allan daginn að komast þangað og svo þurfti að sækja krakkana, skutla í tónlistartimana og svo gat ég ekkert farið á kvöldin.“ ríflar hann upp. Að hafa vinnustofuna heima hefur sína kosti, en eins og flest í þessu lífi, líka sína galla. „Það er alltaf þetta víðfalda samvaskubit. Að maður er ekki að sinna húsværunum og börnunum, og svo aftur þegar maður er að sinna börnunum og húsværunum þá er maður ekki að sinna listinni. Ég ákvað fyrir löngu síðan að svoleiðis yrði það bara að vera. Ég yrði bara að vera með samvaskubit, yfir öllu“, segir hann og Hillbilly tengir óþægilega mikið. Þess má geta að Eggert hefur einlegan



Eggert Pétursson
Sýnir Græna skrímslið á viðamikilli samsýningu á Kjarvalsstöðum sem ber heitið Eilíf endurkoma.
MYND: HEDDA HELGADÓTTIR

á huga á listasenumni og fer mikið á sýningar, en það hefur verið minna um það út af heimsfaraldri sem þarf ekkert að ræða meira.

Slaufa og alpaþúfa

Nostalgísk Hillbilly spyr hvort myndlist hafi verið í kringum Eggert í uppeidinu. „Læt það alveg vera sko. Þaði mín. Pétur Eggertsson, hafði kannski einhverja listamannsdráma. En við förum ekki mikið á sýningar. Ég man þó árið 1965, þá var ég 8 til 9 ára, að hafa farið á Kjarvalsýningu í Listamannaskólanum.“ Frændi Eggerts vann sem arkitekt og málaði málverk „og ég man að hann var alltaf með slaufa og alpaþúfa. Þá vissi ég hvernig listamaður átti að líta út“, segir hann hlæjandi. Eggert ætlaði sér að verða grasfræðingur, svo arkitekt, en á tíunda aldursári var það alveg ákveðið, „ég skyldi verða myndlistarmaður“. Og fékk hann sér þá alpaþúfa og slauti? „Nei, ég á það alveg eftir! Ég verð að fara að gera eitthvað í þessu líkki, fara að klæða mig eins og alvöru listamaður!“ segir hann og Hillbilly styður þá hugmynd heils hugar og stingur upp á að hann safni Dali yfirvaraskeggi með. En grasfræðidraumar átta ára Eggerts eru Hillbilly hugleknir, það er auðsáanlegt að áhuginn á grasfræðinni fór ekki langt. Veit hann hvað öll blómin og jurtirnar heita sem

“Varla fer ég að mála eitthvað sem ég veit ekki hvað er

Hillbilly-systur



Ragga og Magga Weissshappel
systur



